

BYGGINGARLÝSING

Birgðastöð fyrir eldsneyti sem flokkast sem B-vökvi.

Geymasvæðið er rækilega afgirt á lóðarmörkum með minnst 2.0m hári girðingu úr óbrennanlegu efni, sem hindrar óviðkomandi umferð. Hlið eru læsanleg með traustum lás. Ekki er gert ráð fyrir neinum gróðri á geymasvæðinu. Við hlið eru aðvornarskilti þess efnis, að á svæðinu eru geymdir eldfimrir vökvar og einnig skilti, sem banna óviðkomandi umferð, reykingar og opinn eld á geymasvæðinu. Skiltin eru í samræmi við samþykktu staðla og reglur þar að lútandi. Raflagnir eru í samræmi við reglugerð um raforkuvirki. Öll lóðin ásamt mannvirkjum er rafhýst.

Oliugeymar eru úr stáli, brunaflokkur B-geymar. Oliuheld lekavörn er umhverfis oliugeyma, yfirborð lekavarnar er malbikað. Brunaflokkur B-þr. Niðurfallsagnir úr þrónni liggja í olíuskilju.

Áfyllingarplan er úr steinsteypu. Niðurfallsagnir úr planinu liggja í olíuskilju. Gert er ráð fyrir þvotta aðstöðu fyrir olíuflutningabíla á áfyllingarplaninu.

Afmörkuð eru tvö stæði fyrir olíuflutningabíla og þrjú stæði fyrir fólkubíla. Sorp sem fellur til flytur rekstraraðili á viðurkennda sorpmóttöku.

Mengunarvarnir, olíulekavörn og olíusíur, eru í samræmi við gildandi reglugerð og vísast til sérteikninga frá verkfræðistofunni Strendingur þar að lútandi.

Brunavarnir eru í samræmi við gildandi reglugerð, sjá nánar skýrslu Verkfræðistofu Snorra Ingimarssonar.

Smiðalýsing/hönnun þriggja 3800 m³ oliugeyma Átlantsolíu ehf. 18.09.2002.

Geymarin eru að öllu leyti gerðir úr stálpötum, botn veggir og þak, en burðarvirki þaks er "gittersperrur" úr stangastáli. Allt efni er S 235 JRG2 (RSI 37-2) sandblásið og grunnað.

Þvermál geymanna er D= 20,0 m (í miðjar plötur) Hæð " er H= 12,1 m að efri brún kantvinkils Þakhalli er 1:5 og keiluhæð þaks því u.þ.b. 2,0 m. Botn er keilulaga með halla 1:50 að soraskál í miðjum botni (til tæmingar botnfalls og vatns).

Geymarin eru hannaðir í samræmi við og eftir reiknireglum brekks staðals BS 2654:1989 "Specification for manufacture of vertical steel welded non-refrigerated storage tanks with butt welded shells for the petroleum industry" og í samræmi við íslenska staðla yfir vind-, snjó- og jarðskjálftaálagur (nýjustu útgáfu).

Helstu staðlar: BS 2654: 1989 Hönnun oliugeyma IST EN 25817: 1992 Ljósbogasuða á stáli ENV 1998-1-1:1994 Jarðskjálftaálagur IST 12:2002 Álagstorsendur.

BS 2654 kveður á um útreikninga þykktar plötustáls í byrði geymanna, botn og þaki, auk þess að kveða á um lágmarksþykktir. Tekið er tillit til suðugæða og skynsamlegs tæringarálags við útreikninga og val endanlegra plötupykta vegna vökvaprýstings í fullum geymi. Vindstyrkingar (2hringir) eru að innanverðu í geyminum.

Samkvæmt stöðlum eru tvö gagnstæð 600 mm mannop á neðsta plötuumfari á hverjum geymi. Á þaki er eitt mannop og mælistútar fyrir fjarvirka radarmæla með yfirfyllingar aðvörn og nákvæmri hæðar- og rúmfangsmælingu, ásamt stútum fyrir handvirka mælingu, útlöftun og fl.

Spiralstigi er á tveim endageymunum í röðinni (1. og 3.) en brú milli 1. og 2. og 3. geymis. Þannig verða alltaf fyrir hendi tvær flóttaleiðir (aðkomuleiðir) af öllum geymunum. Stigarnir eru með tveim millipóllum, þannig að hvert stigatol er aðeins 4 m á hæð. Handrið á þakbrúnum og göngubrúnum eru um 1200 mm há.

Hver geymir um sig er tengdur höfn með 10" (250 mm) áfyllistú, læsanlegum loka og 10" lögn að sameiginlegri um 650 m löndunarlögn (10") að löndunarlökum á olíuhafnargarði.

Hver geymir um sig tengist dæluhúsi innan girðingar með 6" (150 mm) soglögn að dælu. Dælt er um sjálfvirkar búnað á bil flutningageyma með sjálfvirkri yfirfyllingarvörn.

Tengingar allar og búnaður verður eða hefur verið hannaður í samráði við og samþykktur af Hollustuvernd og Brunamálastofnun.

Samþykkt þann
19 SEPT. 2002
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

H. Olav Andersen

SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR ARK.FAÍ MNAL
HANS-OLAV ANDERSEN ARK.FAÍ MNAL


Teiknistofan Tröð ehf
Laugavegi 28
IS-101 Reykjavík
sími: 562 8255, fax: 562 8253
info@tst.is



HÖNNUÐUR OLÍUGEYMA ER
STÉFAN ÖRN STÉFANSSON, VERKFRÆÐINGUR

HÆÐARKÓTAR ERU UPPGEFNIR Í BÆJARKERFI HAFNARFJARÐAR

B01 BYGGINGALÝSING	18.09.02	HOA
B00 NÝ TEIKNING	16.09.02	HOA
BREYTING:	DAGS.: TEIKN.:	



EFNI: **AFSTÖÐUMYND AN DÆLUHÚSS 1.ÁFANGI**

SVÆÐI:	LÓÐ 5.4C- A.1
MÆLIKVARÐI:	1:500
ÁFANGI:	ÁDALTEIKNING
SÍÐASTA DAGSETNING:	18 09 2002
TEIKNINGARNÚMÉR:	A1010
BREYTING:	B01

ÓSEYRARBRÁUT 23